4. stjórnarfundur

12. júní 2016

Haldinn á veitingastaðnum Sæta svíninu, 12. júní, 2016 kl. 17:00-18:30

Mættar: Harpa Þórunn Pétursdóttir, Auður Nanna Baldvinsdóttir, Íris Baldursdóttir, Elín Smáradóttir, Birta Kristín Helgadóttir, Hjördís Sigurðardóttir og Vigdís Harðardóttir, sem ritaði fundargerð.Petra Steinunn Sveinsdóttir, Guðbjörg Óskarsdóttir og Helga Barðadóttir boðuðu forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 3. fundar ekki lögð fram og því ekki samþykkt en verður tekin fyrir á næsta fundi félagsins.

Viðburður með kanadískum orkukonum

Ákveðið að bjóða kanadísku konunum að hitta félagskonur KíO í Víkinni veitingastað. Pantað þann 22. ágúst frá 11.30-13:30 fyrir u.þ.b. 40 manns. í boði verður fiskur, kaffi og pönnukaka með rjóma. Félagsmönnum og áhugasömum er velkomið að taka þátt.

2. Skráning félagsinsFormaður tilkynni að skráningu félagsins væri formlega lokið. Félagið hefur fengið kennitöluna 520716-1220. Formaður lagði út fyrir skráningu félagsins og mun senda stjórnarkonum reikninginn til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, 5000 kr fyrir skráningu.

3. Styrkveitingar

Farið var yfir stöðu styrkjamála til félagsins. Harpa, Auður og Helga hittu Hörð Arnarson, Rögnu Árnadóttur og Magnús Þór Gylfason á fundi og lauk fundinum með því að ákveðið væri að styrkja félagið um 750.000 til tveggja ára, þ.e. styrktarleið A, Bakhjarl. Harpa og Auður hittu jafnframt Landsbanka Íslands, þá Árna Þór Þorbjörnsson og Ólaf M. Magnússon. Í kjölfar fundarins var staðfest að styrkja félagið einnig um 750.000 kr, styrktarleið A, Bakhjarl. Þá hittu Harpa og Auður einnig Íslandsbanka, þau Birnu Einarsdóttur og Vilhelm Má Þorsteinsson. Í kjölfarið var staðfest af Hólmfríði Einarsdóttur, markaðsstjóra, að bankinn myndi styrkja félagið um 250.000 kr, styrktarleið B.Aðrir sem rætt var um að funda með vegna mögulegra styrkja voru m.a. Arion, Tryggingafélög, Kvika, Saga, Hs-Orka og fleiri.

4. Næsti viðburður KíO

Rætt var nánar um viðburð sem Landsnet og ON eru að skipuleggja í sameiningu. Gönguferð um Hengilssvæðið. Hugmynd að dagsetningu er 30. ágúst. Viðburðurinn er aðeins hugsaður fyrir félagskonur. Hugmyndin er að hittast eftir vinnu, fara í rútu saman upp að Hellisheiðarvirkjun, ganga í 1,5-2 klst og þiggja drykki eftir á.

5. Matchmaking Event

LarsEnergy heldur ráðstefnu á Íslandi 19-20. september nk. um markaðssetningu orkufyrirtækja. Félagið hefur verið beðið um að standa að skipulagningu viðburðarins. Harpa og Birta Kristín munu hafa umsjón með verkefninu en Harpa verður þó erlendis þegar ráðstefnan verður haldin. VH bauð heim til sín í „Breinstorming“ um viðburðinn.

6. Skýrsla um stöðu kvenna í orkumálum á ÍslandiSkýrsla um stöðu kvenna í orkumálum á íslandi var rædd nánar. Ákveðið að reyna að ná sem víðustu sjónarhorni, þ.e. ekki aðeins skoða aðildarfélög Samorku heldur fleiri. Hugmynd að kaupa vinnu af Ernst&Young en þeir gera samskonar skýrslu erlendis og eiga því grunninn sem þarf. Þá hefur Samorka boðist til að afhenda sínar tölur hvað þetta varðar. Í skýrslunni kæmi fram staða kvenna í orkumálum, t.d. fjöldi kvenna sem stýra orkufyrirtækjum, millistjórnendur og þess háttar.

7. Næsti fundur

Ekki var ákveðið hvenær næsti fundur skuli haldinn. Formaður sendir tillögu á stjórnarmenn sem fyrst.

8. Önnur málFleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.